



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar**

Hagnýting nýrrar tækni og framfarir í atvinnulífi hafa fært okkur Íslendingum sífellt betri lífskjör.

Við höldum til móts við nýja öld staðráðin í að gera enn betur og tryggja börnum okkar og ættmennum velferð og hagsæld.

Vandinn felst hins vegar í því að menntun og hagnýting hugbúnaðar og tölvutækni eru orðin algjör forsenda þess að þjóðir geti bætt hag sinn og notið vaxandi arðs af öfluglu atvinnulífi.

Það sýnir ríkan skilning stúdenta á hagkerfi hinnar nýju aldar að nú er efnt til samvinnu um að búa Háskóla Íslands svo vel að tölvum og hugbúnaði að hin unga kynslóð geti haldið sínu þjóðinni til heilla í hraðvaxandi alþjóðlegri samkeppni um lífskjör og framfarir.

Vissulega verða fiskistofnarnir og fallvötnin áfram verðmætar auðlindir en úrslitaauðlindin í hagkerfi framtíðarinnar felst í menntun og hæfni þeirra kynslóða sem senn koma á vinnumarkað.

Við skulum sameinast um að tryggja samkeppnishæfni þjóðarinnar í hagkerfi nýrrar aldar með því að búa Háskóla Íslands svo vel að tölvum og hugbúnaðarefni að hann geti orðið sannkallað orkuver íslensks atvinnulífs á 21. öldinni.

sign.